

Þriðjudaginn 17. október 1995.

Nr. 65/1995.

Snorri Ólafsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gylfa Gunnarssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Mál þetta var þingfest 30. maí 1995. Með bréfi stefnda 2. október 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, að fjárhæð 300.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess aðallega, að kröfu stefnda verði hafnað og stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað í þessum þætti málsins, en til vara, að tryggingin verði ákveðin mun lægri fjárhæð en krafist er.

Rök stefnda eru þau, að gert hafi verið árangurslaust fjárnám hjá áfrýjanda að kröfu Búnaðarbanka Íslands, eins og fram komi á meðfylgjandi endurriti úr gerðabók sýslumannsins á Selfossi 4. júlí 1995. Aðfararbeiðni stefnda vegna annarrar skuldar áfrýjanda hafi verið endursend sama dag. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Stefndi hafi ekki haft tækifæri til að krefjast tryggingar við þingfestingu málsins, þar sem hann hafi ekki vitað um ógjaldfærni áfrýjanda á þeim tíma. Reisir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að samkomulag hafi verið gert um uppgjör á kröfu Búnaðarbanka Íslands. Þegar stefndi krafðist fjárnáms hjá áfrýjanda, hafi legið fyrir hjá sýslumanni nauðungarsölubeiðni vegna kröfu áfrýjanda á hendur stefnda 11. ágúst 1994, sbr. dóm Hæstaréttar 9. september 1993 í málinu nr. 300/1993. Krafa áfrýjanda hafi ekki fengist greidd við nauðungarsöluna eða síðar, og sé krafa stefnda ekki raunhæf nema til skuldajöfnunar. Málið varði verulega fjárhagslega hagsmuni áfrýjanda eða á tíundu milljón króna. Ekki sé um að ræða til-

efnislausa eða tilgangslitla málsókn, en samkvæmt fyrri héraðsdómi í málinu hafi stefnda verið gert að greiða áfrýjanda 4.534.301 krónu auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Málið hafi tafist mjög í héraði, ekki síst vegna málatilbúnaðar stefnda. Stefndi hafi verið dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og setja tryggingu fyrir málskostnaði við endurupptöku málsins í héraði. Vegna útivistar stefnda í héraði sé þess ekki að vanta, að áfrýjanda verði gert að greiða stefnda málskostnað. Áfrýjandi sé í starfi og ekki í vanskilum annars staðar. Þá hafi stefnda borið að setja fram kröfu um málskostnaðartryggingu við þingfestingu málsins.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður áfrýjanda ekki gert að leggja fram málskostnaðartryggingu í máli þessu. Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Gylfa Gunnarssonar, um málskostnaðartryggingu er hafnað.
